

1873.

28. febrúar.

ári uppí innstæðuna, frá 11. júní þ. á., og skal jafnframt þess getið, að með því búið er að borga þeim manni, sem tekizt hafði byggingu hegningarhússins á hendur, allt kaupið, sem var 22,570 rd., og þetta er galdið fyrirfram úr landssjóðnum, þá kemur ekki til tals, að borga út lánin til kaupstaðarins eða jafnaðarsjóðsins, en upphæðirnar verða taldar með tekjum lands-sjóðsins í reikningsbókum stjórnarráðsins.

Að endingu mælumst vör jafnframt til, að þér samkvæmt bréfi stjórnarráðsins 18. maí f. á.¹ sjáið um, að öll skuldabréf dómsmálasjóðs Íslands uppá einstaka menn verði afsöluð lands-sjóðnum svo fljótt sem verða má, ef eigi þegar er búið að því, og væntum vör að fá skýrslu um það frá yður.

28. febrúar.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reiknings-árinu I. apríl til 31. desbr. 1873.

(Fyrsti kafinn er samhljóða upphafinu næst á undan).

Um leið og vör bætum því við, að þeim yfirvöldum á Íslandi, sem í hlut eiga, hefir verið gefin vísbending um þetta, mælumst vör sérstaklega til, að þér borgið úr jarðabókarsjóðnum og telið með útgjöldum í reikningi tæðs sjóðs sumpart þá 2000 rd., sem til færðir eru í áætluninni, 6. gr. D., 8, handa amtmanni Bergi Thorberg, þegar hann gjörir tilkall til þeirra, sumpart til stiptsyfirvaldanna þá 200 rd., sem í 7. gr. C. III. eru veittir til styrks handa forngripasafninu í Reykjavík.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 437.